

Fundargerð 41. fundar

Ungmennaráð 13. febrúar 2017

Mánudaginn 13. febrúar 2017 kl. 19:00 kom ungmennaráð til fundar í húsnæði Félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar.

Fundinn sátu: Sandra Dís Jóhannesdóttir, Jakob Unnar Sigurðarson, Oskar Rybinski og Ragnar Óskarsson

Dagrún Inga Jónsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

Fundargerð ritaði: Sandra Dís Jóhannesdóttir

1. Ungmennaráð SASS

Ragnar Óskarsson gerði grein fyrir undirbúningsfundi að stofnun ungmennaráðs SASS sem hann sat. Á næstu vikum mun Ungmennaráð Ölfuss fá bréf frá SASS þar sem óskað er eftir tilnefningu í ráðið.

2. Ungt fólk og lýðræði 2017

Starfsmaður gerði grein fyrir ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem UMFÍ stendur fyrir 5.-7. apríl nk. á Laugabakka.

Starfsmanni falið að senda frekari upplýsingar á ungmennaráðfulltrúa þegar þær liggja fyrir en ungmennaráð stefnir á að senda fulltrúa á ráðstefnuna líkt og seinustu ár.

3. Unglingalandsmótsnefnd

Berglind Dan Róbertsdóttir hefur óskað eftir að stíga til hliðar sem fulltrúi ungmennaráðs í ungingalandsmótsnefnd og því þarf að kjósa nýjan fulltrúa.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum, að Jakob Unnar verði fulltrúi ungmennaráðs í nefndinni.

4. Fulltrúar ungmennaráðs í öðrum nefndum

Kosið um nýja áheyrnafulltrúa í nefndum sveitarfélagsins en ungmennaráð á áheyrnafulltrúa í íþrótt- og æskulýðsnefnd og menningarnefnd.

Berglind Dan Róbertsdóttir hefur óskað eftir að stíga til hliðar sem áheyrnafulltrúi fyrir ungmennaráð í menningarnefnd og því þarf að kjósa nýjan fulltrúa.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum, að Dagrún Inga verði áheyrnafulltrúi ungmennaráðs í menningarnefnd.

5. Hafnardagar 2017

Lagður fram tölvupóstur frá markaðs- og menningarfulltrúa Ölfuss, dags. 13. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir uppástungum að skemmtikraft á föstudagskvöldinu.

Starfsmanni falið að koma hugmyndum ungmennaráðs á framfæri við markaðs- og menningarfulltrúa. Ákveðið að taka dagskrá Hafnardaga til frekari umræðu á næsta fundi ungmennaráðs.

Fundi slitið kl. 19:30